



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ADVENTUTÓNLEIKAR

BACH, RAMEAU OG MOZART

6. DESEMBER
2018



VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is.
Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd tónleika:

Svíta: 31'

Konsert: 13'

Sinfónía: 30'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

Icelandair Hotels



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

AÐVENTU- TÓNLEIKAR

Dirk Vermeulen

hljómsveitarstjóri

Baldvin Oddsson

einleikari

Hallfríður Ólafsdóttir

einleikari

Felicia Greciuc

einleikari

Nicola Lolli

einleikari

EFNISSKRÁ

Jean-Philippe Rameau

Les Indes galantes (Ástir í Indíum), svíta (1735–36)

Ouverture (Forleikur)

Entrée des quatre nations (Þjóðirnar fjórar kynntar)

Air pour les esclaves africains (Lag afrísku þrælanna)

Air vif (Fjörlegt lag)

Air pour les deux polonais (Lag Pólverjanna tveggja)

Menuet I-II

Contredanse

Tambourin I-II

Air des Incas (Lag Inkanna)

Air pour l'adoration du soleil (Lag sólarhyllingarinnar)

Gavotte I-II

Air pour les sauvages (Lag skrælingjanna)

Chaconne

Johann Sebastian Bach

Brandenborgarkonsert nr. 2 í F-dúr, BWV 1047 (um 1721)

[Allegro]

Andante

Allegro assai

HLÉ

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 38 í D-dúr, K. 504 – Pragsinfónían (1786)

Adagio – Allegro

Andante

Finale (Presto)

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

en.sinfonia.is



DIRK VERMEULEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Belgíska hljómsveitarstjórinn Dirck Vermeulen hóf feril sinn sem fíðluleikari. Hann hefur leikið einleik undir stjórn helstu hljómsveitarstjóra í Evrópu og gegndi einnig konsertmeistarastöðu við Konunglegu flæmsku fílharmóníusveitina um nokkurra ára skeið. Árið 1985 snéri hann sér alfarið að hljómsveitarstjórn og stofnaði sex árum síðar kammersveitina Prima La Musica sem skipaði sér fljótt í hóp bestu hljómsveita Belgíu. Vermeulen hefur hlotið sérstakt lof fyrir flutning sinn á tónlist 18. aldar og snemmrómantískum verkum en hann hefur einnig verið atkvæðamikill í flutningi eldra barokks og samtímatónlistar. Á árunum 2000–2017 gegndi hann prófessorsstöðu í kammermúsík við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel.

Vermeulen hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum Belgíu og komið fram sem gestastjórnandi margra annarra evrópskra hljómsveita. Hann hefur stjórnað óperuflutningi víða í álfunni og er ekki síst handgenginn óperum Mozarts. Hann hefur hljóðritað tugi geisladiska, þar á meðal marga sem helgaðir eru verkum Mozarts og Haydns. Hljóðritun Vermeulens og Prima La Musica á *Les Indes galantes* eftir Rameau kom út hjá Eufoda útgáfunni árið 1998 og hlaut þá afbragðs viðtökur hjá gagnrýnanda breska tímaritsins *Gramophone* sem sagði að þar væri „heillandi hljómdiskur“ á ferð.

Þetta er í annað sinn sem Dirck Vermeulen stjórnar Sinfóníu-hljómsveit Íslands en hann hélt einnig um tónsprotann á aðventutónleikum sveitarinnar árið 2014.



BALDVIN ODDSSON

Einleikari

Baldvin Oddsson hóf trompetnám í Tónskóla Sigursveins fimm ára gamall og lauk þaðan burtfararprófi tíu árum síðar. Hann hélt þá til framhaldsnáms í Bandaríkjunum, fyrst við Interlochen Arts Academy í Michigan og við San Francisco Conservatory of Music, auk þess sem hann sótti tíma veturlangt hjá trompetleikaranum Stephen Burns í Chicago. Baldvin lauk svo lokaprófi frá Manhattan School of Music í New York árið 2016. Hann lék í fyrsta sinn einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2008 en var síðan einn sigurvegari í einleikarakeppni hljómsveitarinnar og Listaháskóla Íslands haustið 2014 og kom fram á tónleikunum Ungir einleikarar í janúar árið eftir. Í árslok 2015 sté hann aftur á svið með hljómsveitinni, að þessu sinni sem einleikari á aðventutónleikum sveitarinnar.



HALLFRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR

Einleikari

Hallfríður Ólafsdóttir er leiðandi flautuleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún lauk einleikaraprófi frá þeim skóla vorið 1988 og hélt þá utan til framhaldsnáms, fyrst í Manchester og síðan við Royal Academy of Music í Lundúnum. Eftir að hún útskrifaðist þaðan lagði hún stund á franska tónlist hjá Alain Marion í París í einn vetur. Hallfríður hefur oft komið fram sem einleikari, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og tekið virkan þátt í flutningi kammertónlistar, einkum með kammerhópnum Camerartica. Hallfríður er, ásamt Þórarni Má Baldurssyni myndskreyti, höfundur bókanna um Maxímús Músíkús og var sæmd hinn íslensku fálkaorðu árið 2014 fyrir frumkvæði að tónlistaruppeldi æskufólks með verkefninu um músina músikölsku.



FELICIA GRECIUC

EINLEIKARI

Rúmenski óbóleikarinn Felicia Greciuc hóf tónlistarnám í heimalandi sínu níu ára gömul og útskrifaðist árið 2012 frá Tónlistarháskólanum í Búkarest. Hún stundaði síðan framhaldsnám hjá Joakim Dam Thomsen og Max Artved við Konunglega tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn og lauk þaðan meistaraprófi með hæstu einkunn. Hún var leiðandi óbóleikari í George Enescu-filharmóníusveitinni í Búkarest á árunum 2013–16 og veturinn 2016–17 gegndi hún sömu stöðu við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Greciuc hefur leikið kammertónlist með ýmsum tónlistarhópum í Danmörku og Rúmeníu og er félagi í Esbjerg Ensemble. Hún var nýverið ráðin í stöðu fyrsta óbóleikara við Det Kongelige Kapel, hljómsveit Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn.



NICOLA LOLLI

EINLEIKARI

Nicola Lolli er annar tveggja konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands og konsertmeistari Íslensku óperunnar. Hann fæddist í Castelfranco Veneto á Ítalíu og stundaði framhaldsnám í fiðluleik við tónlistarháskólana í Vínarborg, Lübeck og Graz. Lolli hefur leikið einleik með ýmsum hljómsveitum, svo sem Háskólahljómsveitinni í Pisa, Salieri-hljómsveitinni í Róm og Þjóðarhljómsveitinni í Tævan. Árið 2014 lék hann tvíkonsert Bachs á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands ásamt Sigrúnu Eðvaldsdóttur og í mars á þessu ári flutti hann 1. fiðlukonsert Prokofjevs með hljómsveitinni. Nicola Lolli tekur einnig oft þátt í flutningi kammertónlistar og hefur meðal annars komið fram á tónleikum Kammermúsikkklúbbsins og í föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



JEAN-PHILIPPE RAMEAU

LES INDES GALANTES, SVÍTA

Jean-Philippe Rameau (1683–1764) var eitt helsta tónskáld Frakka á 18. öld og skóp sér auk þess orðstír sem tónlistarfræðingur með ritinu *Traité de l'Harmonie* (Ritgerð um hljómfraði) sem út kom árið 1722. Í því greinir Rameau fræðilegar undirstöður tóntegundakerfis vestrænnar tónlistar og leitast við að sýna fram á þau lögmál sem hljómfraðin lýtur. Bókin var undirstöðurit í tónfræði um langa hríð.

Nú á dögum er Rameau einna þekktastur fyrir óperur sínar. Hann hóf reyndar ekki að semja slík verk fyrr en um miðjan aldur en reidd á vaðið árið 1733 með harmleiknum *Hippolyte et Aricie*. *Les Indes galantes* fylgdi svo fast á eftir og var frumsýnd 1735. Hún heyrir til þeirri tegund sviðsverka sem nefndust *opéra-ballet* og voru eiginlega röð sjálfstæðra þátta þar sem danslistinni er gert hátt undir höfði. Söguþráður hvers þáttar snýst venjulega um ástir tveggja eða fleiri aðalpersóna og söguviðið er gjarnan exótískt. Það á sannarlega við um *Les Indes galantes*, því þættir verksins gerast í Tyrklandi, í Perú, í kvennabúri í Persíu og meðal indjána Norður-Ameríku. Staðarvalið ber vott um það aðdráttarafl sem framandi lönd hafa löngum haft fyrir Evrópumenn og þær staðalímyndir sem þeim er gjarnt að yfirfæra á íbúa þeirra.

Les Indes galantes var ekki vel tekið í upphafi, sönghlutverkin þóttu rýr og líbrettóið afleitt. Rameau hófst strax handa við að endurbæta verkið og jók meðal annars við það lokaþættinum. Það naut vaxandi hylli í sinni nýju gerð og var fært upp hvað eftir annað á 18. öld en féll svo í gleymsku. Óperan heyrðist ekki aftur fyrr en líða tók á 20. öld en þykir nú eitt besta verk tónskáldsins. Hljóðfæratónlistin í henni er afbragð, fjölbreytt og glæsilega smíðuð, og það eru kaflar úr henni sem hljóma hér í kvöld.

Verkið hefst á inngangi sem er í nokkrum köflum og gerist í höll æskugyðjunnar Hebu. Hún hvetur unga menn frá fjórum Evrópulöndum, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Póllandi, til þess að gefast yndi ástarinnar á vald. En þeir ganga í staðinn stríðsgyðjunni Bellonu á hönd og halda burt til að vinna sér orðstír í bardögum. Þegar Heba skorar á ástarguðinn sjálfan að beita sér í málinu beinir hann sjónum frá Evrópu og að fjarlægari ströndum — og þar með getur leikurinn hafist fyrir alvöru því tilgangur verksins er nefnilega að lofsyngja mátt ástarinnar um veröld víða. Innganginum lýkur með tveimur dansköflum,

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Les Indes galantes hefur aðeins hljómað einu sinni áður í meðförum Sinfóníu-hljómsveitar Íslands. Það var á kammertónleikum sveitarinnar í Gamla bíói 5. apríl 1984 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat. Norski organistinn Jon Laukvik lék svo nokkra þætti úr verkinu á tónleikum í Hallgrímskirkju í ágúst 2008. Verksins var þó getið í íslensku dagblaði löngu fyrr, því árið 1957 birti *Vísir* frétt um opinbera heimsókn Elísabetar Bretadrottningar og Filippusar prins til Parísar. Fréttin snérist fyrst og fremst um þau fjárútlát sem heimsóknin hafði í för með sér og blaðið nefnir að um 23 milljónum króna hafi verið varið til endurbóta á óperuhöllinni í Versöllum þar sem Elísabet og Filippus sáu einmitt uppfærslu á *Les Indes galantes*.

fyrst þokkafullum menúett og síðan kontradansi, ættuðum frá Provençal, þar sem mest ber á piccoloflautu og fagotti auk trommu, *tambour de basque*.

Leikurinn berst nú til Tyrklands og söguviðið er garður pasjans Osmans skammt frá ströndinni. Osman er ástfanginn af ambátt sinni, hinni ungu Émilie, en hún segir honum að hún hafi verið heitbundin öðrum þegar ræningjar námu hana á brott og seldu í þrældóm. Unnustinn reynist svo vera meðal skipbrotsmanna sem skolar á land og Osman sýnir veglyndi þegar hann gefur elskendunum frelsi. Þessum þætti lýkur á öðrum próvensölskum dansi, *tambourin*.

Næsti þáttur gerist meðal Inka í Perú, söguviðið er hrjóstrugt land sem eldfjall gnæfir yfir. Ástarþríhyrningurinn hér samanstendur af Carlosi, spænskum liðsforingja, Inkaprinsessunni Phani og illmenninu Huascar sem er prestur Inkanna. Sagan gerist á hátíð sólarinnar og það eru flauturnar sem skapa hér tilbeiðslustemningu ásamt fínlegu spili strengjahljóðfæra. Jarðskjálfti setur hátíðina í uppnám, en þegar Huascar sér að hann verður undir í keppninni um hylli Phani leitar hann hefnda með því að framkalla eldgos sem tortímir þó engum nema honum sjálfum. Tónlistin gefur þennan dramatíska endi til kynna með hressilegri tvískiptri gavottu.

Frá Perú vîkur sögunni til Persíu en í síðasta þætti verksins erum við komin á vit frumbyggja nálægt yfirráðasvæðum Frakka og Spánverja í Norður-Ameríku. Þar keppa tveir liðsforingjar, franskur og spænskur, eftir ástum höfðingjadótturinnar Zimu en hún vill hvorugan þeirra heldur játast stríðsmanninum Adario. Ófriðaröldurnar lægir þegar innfæddir og aðkomumenn reykja saman friðarpípu og síðan er öllu tjaldað til í hátíðlegum lokahnykk svítunnar, *chaconne*.



JOHANN SEBASTIAN BACH

BRANDENBORGARKONSERT NR. 2 Í F-DÚR

Brandenburgarkonsertarnir voru samdir á þeim árum er Johann Sebastian Bach (1685–1750) starfaði í Köthen við hirð Leopolds fursta. Furstinn var sérstakur áhugamaður um tónlist og lék sjálfur á hljóðfæri. Hann var áfram um að koma sér upp góðri hljómsveit og það hljóp á snærið hjá honum þegar Friðrik Vilhjálmur 1. Prússakóngur komst til valda árið 1713 og leysti upp hirðhljómsveit föður síns. Leopold tókst að ná til sín úrvalshljóðfæraleikurum úr sveitinni sem flestir voru enn í Köthen þegar Bach réðst þangað tæpum fimm árum síðar. Í Köthen var kalvínismi við lýði og þar var lítið um íburðarmikinn tónlistarflutning við kirkjulegar athafnir með tilheyrandi kór og einsöngvurum. Hljómsveit furstans lék því fyrst og fremst veraldlega tónlist. Talið er að Bach hafi samið ókjör af slíkum verkum til flutnings á þessum árum, en mörg þeirra hafa glatast og auk þess er ekki alltaf hægt að tímasetja tilurð verka nákvæmlega. Brandenburgarkonsertarnir eru svo nefndir af því að elsta varðveitta handrit þeirra er eiginhandarrit Bachs frá 1721 þar sem hann tileinkar þessi sex verk Kristjáni Lúðvík, markgreifa af Brandenburg. Verkin voru þó ekki samin sérstaklega fyrir markgreifann, þau áttu sér eldri rætur og ekkert bendir til þess að Bach hafi hugsað þau sem eina heild; hver konsert stendur fyrir sínu, stakur.

Konsertarnir sex hafa mismunandi hljóðfæraskipan en í heildina taka þeir mið af þeim hljóðfæraleikurum sem Bach réði fyrir í Köthen. Konsertar númer þrjú og sex eru til að mynda skrifaðir fyrir strengjahljóðfæri eingöngu en í fyrsta konsertinum ber aftur á móti mikið af blásurum — hann er skrifaður fyrir tvö horn, þrjú óbó og fagott, auk strengja. Í konserti númer tvö, þeim sem hljómar á tónleikunum í kvöld, eru fjögur hljóðfæri í aðalhlutverkum, trompet, flauta, óbó og fiðla, en strengir og semball leika undir. Mikið mæðir á trompetleikaranum í útþáttunum tveimur. Það var ekki heiglum hent að leika partinn, sem liggur mjög hátt, á ventlalausum hljóðfærin sem tíðkuðust á tíma Bachs og enn þykir þetta eitt kröfuharðasta verkefni sem trompetleikarar takast á við. Trompetinn fær aftur á móti frí í hæga þættinum, eins og reyndar mestöll hljómsveitin, þegar fiðla, óbó og flauta láta ljós sitt skína við undirleik fylgiraddar. Lokþátturinn er hressileg fúga þar sem einleikshljóðfærin fara á kostum, ýmist með fylgiráddinni eingöngu eða allri hljómsveitinni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Konsertinn hljómaði í fyrsta sinn hérlendis á tónleikum Kammermúsíklúbsins í Melaskólanum fyrir réttum 60 árum, í desember 1958. Flytjendur voru hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands og lék Egill Jónsson trompethlutverkið á klarínnett. Verkið hefur átta sinnum ratað á efnisskrá Kammerveitar Reykjavíkur, það var meðal annars flutt á fyrstu jólatónleikum sveitarinnar árið 1974 þegar Lárus Sveinsson blés í trompetinn. Konsertinn hljómaði síðast á jólatónleikum Kammerveitarinnar 2009 þar sem Ásgeir Steingrímsson, Martial Nardeau, Matthías Nardeau og Rut Ingólfssdóttir fóru með einleikshlutverkin.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

SINFÓNÍA NR. 38 Í D-DÚR, K. 504

Síðla árs 1786 var óperan *Brúðkaup Fígarós* sett á svið í nýja Þjóðleikhúsinu í Prag við fádæma undirtektir. Áhorfendur þóttust sjaldan eða aldrei hafa skemmt sér jafn vel og nokkrir tónelskir broddborgarar lögðu fé í púkk svo bjóða mætti tónskáldinu, Wolfgang Amadeusi Mozart (1756–91), og Konstönsu konu hans í heimsókn til að sjá og heyra þessa vel heppnuðu uppfærslu. Mozarthjónin komu til borgarinnar 11. janúar 1787 og dvöldust þar fram í febrúar. Þeim var hvarvetna tekið með kostum og kynjum. Þann 17. janúar voru þau viðstödd sýningu á *Brúðkaupinu* og tveimur dögum síðar var efnt til tónleika í leikhúsinu þar sem Mozart lék af fingrum fram á píanó og stjórnaði síðan frumflutningi á nýjstu símfóníu sinni, sem í kjölfarið dró nafn af tilefninu og er jafnan kölluð Pragsímfónían. Stemningin var engu lík og Mozart sagði síðar að þessi dagur hefði verið einn sá besti sem hann hefði lifað. Tónleikarnir gáfu líka talsvert fé í aðra hönd (sem ekki var vanþörf á) og þeir leiddu, með öðru, til þess að þegar Mozarthjónin héldu heim var tónskáldið með samning um nýja óperu upp á vasann — þau áform gengu eftir og *Don Giovanni* var frumflutt í Prag um haustið.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Pragsímfónían var fyrst flutt héraðs á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands í Þjóðleikhúsinu í desember 1950. Það var þýski hljómsveitarstjórinn Hermann Hildebrandt sem stýrði flutningnum. Rúmum sex árum síðar lék hljómsveitin verkið aftur á sama stað, þá undir stjórn Tékkans Václavs Smetáček. Það hljómaði svo sex sinnum á tónleikum sveitarinnar í Háskólabíói, síðast í febrúar 2005 þegar Bernharður Wilkinson hélt um tónsprotann. Símfóníuhljómsveit áhugamanna lék símfóníuna í Seltjarnarneskirkju árið 2010 undir stjórn Olivers Kentish en í kvöld heyrir hún í fyrsta sinn í Eldborg.

Pragsímfónían er glæsileg smíð. Hún ber vitni um það, auk annars, hversu góðum tókum Mozart hafði náð á því að skrifa fyrir blásturshljóðfæri — hann nýtir ólíkan karakter hljóðfæranna afar vel og samspil blásara og strengja myndar sterka og sannfærandi heild. Símfónían er í þremur þáttum, að ítalskri fyrirmynd. Sá fyrsti hefst á hægum inngangi áður en komið er inn í meginkaflann þar sem skiptast á snarpir sprettir og mildilegri. Annar þáttur er fallett *andante* sem byrjar og endar í G-dúr en liðast fagurlega gegnum dúr- og moll-tóntegundaskipti. Hinn hraði lokapáttur er í tveimur hlutum og er hvor hluti fyrir sig endurtekinn. Hér kallast blásararnir, með flautuna í fararbroddi, iðulega á við strengina. Allt yfirbragð þáttarins einkennist af snerpu og fágun og raunar mætti færa þá einkunn yfir á símfóníuna í heild sinni: hún er fágunin holdi klædd.

Svanhildur Óskarsdóttir




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VÍNAR TÓNLEIKAR

10., 11. OG 12. JANÚAR 2019

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

JÓL OG ÁRAMÓT MEÐ SINFÓNÍUNNI



ÞRI 11 DES 19:30

ÞÍÓTÓNLEIKAR – SÍÐASTI BÆRINN Í DALNUM

Síðasti bærinn í dalnum er tímamótaverk í íslenski kvikmyndasögu. Þessi fyrsta leikna kvikmynd Óskars Gíslasonar var frumsýnd árið 1950 og naut fádæma vinsælda. Tónlistina samdi Jórunn Viðar og var þetta fyrsta kvikmyndatónlist sem samín var á Íslandi við mynd í fullri lengd. Í tilefni af aldarafmæli Jórunnar, sem fæddist 7. desember 1918, verður myndin flutt við lifandi hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitarstjóri Bjarni Frímánn Bjarnason.



LAV 15 DES **SUN 16** DES 14:00 & 16:00

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabíl verið hluti af hinum hefðbundna jólaundirbúningi hjá mörgum tónleikagestum. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum verður skyggst inn í íslensku baðstofuna þar sem gömlu jólasveinarnir og jólakötturinn hafa hreiðrað um sig. Dansarar úr Listdansskóla Íslands, Stúlknaðor Reykjavíkur og Litlu sprotarnir flytja sígilda jólasöngva ásamt Valgerði Guðnadóttur og Kolbrúnu Völkudóttur, ungum lúðraþeyturum og Bjöllukor Tónlistarskóla Reykjaneshajar. Trúðurinn Hildur kynnr og hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Tónleikarnir eru túlkaðir á táknmáli.



FIM 10 JAN **FÖS 11** JAN **LAV 12** JAN 2019

VÍNARTÓNLEIKAR

Á glæsilegum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar prýða nokkur af djásnum valsakónsins Johanns Strauss efnisskrána sem hefst venju samkvæmt á forleiknum að Leðurblökunni og lýkur á Dónárvalsinum. Dansarar stíga einnig á svið og ljá tónleikunum einstakan hátíðarblæ. Einsöngvarar á Vínarónleikunum eru Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað og Sveinn Dúa Hjörleifsson og hljómsveitarstjóri hinn danski Christian Kluxen. Ekki missa af þessum vinsælustu tónleikum sveitarinnar.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

GJÖF SEM HLJÓMAR VEL

GEFÐU LIFANDI TÓNLIST
UM ÞESSI JÓL



Gjafakort Sinfóníuhljómsveitar
Íslands fæst í miðasölu Hörpu.



@icelandsymphony / #sinfó

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

6. DESEMBER 2018

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Jensdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Peter Andreas Nielsen
Roland Hartwell
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orrí Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted

BASSI

Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Melkorka Ólafsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Peter Tompkins

FAGOTT

Brjann Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjørn Bruun
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Kasper Knudsen

PÁKUR

Eggert Pálsson

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik


stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



GJAFABRÉF ICELANDAIR HÓTELA

Hvað ef það væri hægt að pakka inn upplifun?

Skoðaðu möguleikana á icelandairhotels.is/gjafabref

Nánari upplýsingar í síma 444 4600
og í tölvupósti á info@icehotels.is

Icelandair Hotels